

EFTIRLITSSKÝRSLA

OLÍUBIRGÐASTÖÐ SKELJUNGS Á REYÐARFIRÐI

Dagsetning	9. júní 2011	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Skeljungur hf.	Starfsleyfi, gildir til	31. janúar 2027
Heimilisfang	Hólmaslóð 8, 101 Reykjavík	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	590269-1749	Fulltrúar fyrirtækis	Aðalsteinn Árnason
Isat nr.	51.51.0	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	N65 01,896 V14 12,933
Starfsemi	Heildverslun með fast, fljótandi og gaskennt eldsneyti og skyldar vörur		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi fannst við eftirlit. Engin athugasemd er gerð við olíubirgðastöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir rekstrarhandbók fyrir stöð Skeljungs á Reyðarfirði, skráningar og mælingar sem kröfur eru gerðar um. Bensíngeymir (751-B201) var botnþykktarmældur árið 2008. Lögn á bryggju var þrýstiprófuð árið 2010.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru til staðar. Skeljungur hefur í notkun mánaðarlegt skráningarblað sem er notað á öllum birgðastöðvum þeirra, þar sem skráð er ýmist viðhald og eftirlit í birgðastöðvunum.

Farið var í skoðun á olíubirgðastöðinni. Geymir skoðaður svo og lekavarnir (þró). Aflögð lögn sem gengur í gegnum þróarvegg er notuð sem ídráttarrör fyrir rafmagnskapal. Ganga þarf frá þéttingum svo þróin virki eins og til er ætlast. Við mengunaráhapp mun bensín leka úr þrónni um bensíngeyminn um ídráttarrörið út úr þrónni. Undantöppun er í lokuðu kerfi og engin niðurföll í þróarbotni.

Lokið er byggingu áfyllingarplans við afgreiðsluhús stöðvarinnar. Áfyllingarplanið er tengt olíuskilju og frárennsli stöðvarinnar fer í bæjarkerfi á Reyðarfirði.

Girðingar og hlið voru í góðu lagi og stöðin snyrtileg ásýndar.

Bensín er geymt í stöðinni á Reyðarfirði en undanþága frá gufuendurnýtingarbúnaði er í gildi fyrir stöðina.



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik 1: Olíuheld þró

Frávik frá: Krafa í starfsleyfi, grein 2.1, kveður á um að olíugeymar skuli standa í olíuheldri þró. Við eftirlit kom fram að aflögð lögn í gegnum þróarvegg hefur verið endurnýtt sem ídráttarrör fyrir rafmagnskapal vegna sjálfvirks hæðamælis (radar) í bensíngeyminum. Afsagað rör í gegnum þróarvegg opnar leið fyrir eldsneyti út úr þrónni verði mengunaráhapp við geyminn. Þetta þarf þróna þannig að rúmtak lekavarnar sé meira en sem nemur 90% af rýmd geymisins.

Athugasemd:

Engin athugasemd er gerð við olíubirgðastöðina að loknu eftirliti.

Reykjavík, 12/10/2011

Undirskrift eftirlitsaðila

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

